**Byggingarlýsing:**

Engar teikningar eru til af húsinu og teikningasett þetta er byggt á raunteikningu og uppmælingu af húsinu. Húsið er frístundahús með tveimur herbergjum, alrými, baði, anddyri og geymslu. Uppbygging hússins er timburgrind á stálsúlum sem eru á steypustólpum í jörðu. Húsið er óeinangrað og kynnt með eldstæði og frístandandi rafmagnsofnum eftir þörf og notkun.
Búið er að byggja við austaverðan gaflinn á húsinu vegna vandræða með gaflinn og inngang sökum veðurs, þá er einnig búið að bæta við palli sem teygir sig inn á bílastæðið sem liggur við húsið. Húsið er staðsett yst á skilgreindum lóðamörkum sem virðast ganga út frá þegargerðum breytingum á húsinu.

**Breytingar:**

Sótt er um að stækka húsið í norðvestur um tæpa 3,8m (vesturhlið á útlitsmyndum) og um áætlað um 0,4m í suðaustur (austurhlið á útlitsmyndum) til að laga núverandi stækkun að takti hússins og samræma útlit samhliða því.
Setja á einangrun á húsið innan grindar og húsið verður þá klætt með timbri og skipt verður um glugga. Breytt verður fyrirkomulagi innanhúss og útlit breytist sömu leiðis.

Útveggir sem eru til staðar verða einangraðir með 120mm steinull og klæddir með krossloftaðri grind með timburklæðningu að ysta lagi. Bætt verður við stoðum utan á núverandi stoðir sem skulu vera fúguvarðar og málaðar. Viðbygging verður í sama takti og núverandi hús með 45x220mm stoðum sem sömu leiðis skal fúgaverja og mála. Timburklæðning kemur á milli stoða sem einnig skal fúgaverja og mála.
Þak verður einangrað að utan og klætt að nýju. 220mm sperrur verða þá lagðar ofan á núveandi þak sem verður einangrað á milli með 195mm þéttull með vindpappa. 25x25mm kverklisti verður settur innan sperra til að tryggja öndun og ofan á sperru verður settur 12mm krossviður sem verður svo klæddur tvöföldum ásoðnum þakpappa. Viðbygging verður gerð með sama móti og á núverandi húsi til að halda því útliti að innan sem einkennir húsið.
Við viðbyggingu verður steyptur sökkull undir húsið og steypt plata verður undir viðbygginunni með plasteinangrun undir plötu og innan veggja sökkuls.
Gólf verður eingangrað undir núverandi fjölum með 195mm þéttull.
Innveggir verða verða léttir og ná upp að burðarvirki þaks, úr timburgrind sem klædd verður með gipsplötum og einangruð með steinull.
Gluggar verða timburgluggar með tvöföldu K gleri, svartir að utan.
Timbur á húsinu utanverðu verður málað svart.

Kalt vatn og rafmagn er í húsinu en engin hitaveita. Komið verður fyrir loftvarmaskipti til upphitunnar sem er rafdrifinn. Hitavatnstankur er á baði til upphitunar vatns.
Húsið er náttúrulega loftræst og með vélrænni loftræstingu með varmaskiptinum.
Vélrænt frásog er í eldhúsi og baðherbergi.

Kaldur geymsluskúr skráður á lóð sem MHL2 verður fjarlægður samhliða framkvæmdum.

**Hámarks kólnunartölur einstakra byggingarhluta eru eftirfarandi:**

| | |
|---|---|
| Útveggir: | 0,4 W/m$^2$°C |
| Þak: | 0,2 W/m$^2$°C |
| Gólf að útilofti: | 0,2 W/m$^2$°C |
| Gluggar, vegið meðaltal karma og glers: | 2,0 W/m$^2$°C |

**Stærðir fyrir breytingar:**

| | |
|---|---|
| Brúttó flatarmál: | 69,4 m$^2$ |
| Brúttó rúmmál: | 206,8 m$^3$ |
| Lóðastærð: | 2959,2 m$^2$ |
| NH: | 0,02 |

**Stærðir eftir breytingar:**

| | |
|---|---|
| Brúttó flatarmál: | 97,9 m$^2$ |
| Brúttó rúmmál: | 327,5 m$^3$ |
| Lóðastærð: | 2959,2 m$^2$ |
| NH: | 0,03 |

**Sækkun um 28,5m$^2$ og 120,7m$^3$.**




Afstöðumynd 1:500

Samþykkt þann 31. ÁGÚ. 2022
Byggingarfulltrúi í Hafnarfirði

**Fyrirvari**

Öll mál eru í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál athugist á staðnum.

Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.

Teikning skal lesin með viðeigandi gögnum og teikningum annarra hönnuða

L Kóti á óhreyfðu landi við lóðarmörk

SHS
30.8.2022

| Útg. | Skýring / Breyting. | Dags. | Teiknað | Yfirfarið |
|---|---|---|---|---|

**Viðbygging og breytingar**
TEGUND VERKS

Sléttuhlíð C2

**Aðaluppdrættir**
Afstöðumynd
---
---
---

| | |
|---|---|
| LANDNÚMER: | L123145 |
| STAÐGR.: | 1400-1-99986475 |
| MHL: | 01 |
| MKV.: | 1:500 |
| BLAÐSTÆRÐ: | A2 |
| ÚTGÁFA DAGS: | 29.8.2022 |
| TEIKNAÐ: | ÁSS |
| YFIRFARIÐ: | JDÁ |

**148** — VERKNR.
**A100 - A** — RAÐNR. ÚTGÁFA


Jón Davíð Ásgeirsson, Arkitekt FAÍ kt: 250280-5729

**JDA ehf**
Fiskislóð 75 | 101 Reykjavík | S: 6929883 | jon@jda.is | www.jda.is



© JDA | ARKITEKTÚR
ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR AÐ HLUTA EÐA Í HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA